

Mánudaginn 28. apríl 1941.

Nr. 92/1940. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Óskari Georg Halldórssyni

(Lárus Jóhannesson).

Brot á gjaldeyrislöggjöf.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið cand. jur. Helgi Laxdal samkvæmt konunglegri umboðsskrá, dags. 28. september 1939.

Í málshöfðunartilkynningu héraðsdómarans til kærða í þinghaldi 24. júní 1940 segir einungis, „að mál væri höfðað gegn honum fyrir brot á lögum um gjaldeyrisverzlun o. fl. nr. 73 frá 1937 og reglugerð nr. 50 frá 1938.“ Kærði virðist hafa mátt gera ráð fyrir því, að í þessari tilkynningu fælist krafa um sekt á hendur sér. Hins vegar þykir málskostnaður ekki verða dæmdur á hendur kærða, þar sem kröfu um hann er ekki getið í tilkynningunni. Brot kærða, sem fólgir er í notkun andvirðis seldra íslenzkra afurða til ferðalaga erlendis og vanrækslu á að gera fullnægjandi skil um sölu greindra afurða, þykir varða við 1. gr. laga nr. 73 frá 1937 og 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 50 frá 1938. Ákveðst refsing kærða samkvæmt 6. gr. téðra laga og 30. gr. téðrar reglugerðar 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað hennar 45 daga varðhald, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Sakarkostnaður allur bæði í héraði og fyrir hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs talsmanns kærða í héraði, kr. 40.00, og málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Óskar Georg Halldórsson, greiði 1500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 45 daga varðhald í stað sektar-

innar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Sakarkostnaður allur í héraði og fyrir hæstarétti greiðist úr rikissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun talsmanns kærða í héraði, cand. juris Ingólfs Jónssonar, kr. 40.00, og málflytningu laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningu mannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Jóhannessonar, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. ágúst 1940.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Óskari Georg Halldórssyni útgerðarmanni, til heimilis að Ingólfsstræti 21 Reykjavík, fyrir brot á lögum um gjaldeyrisverzlun o. fl. nr. 73 frá 31. des. 1937 og reglugerð nr. 50 frá 1938.

Málavextir eru þessir: Á árinu 1938 flutti félagið Óskar Halldórsson h.f., en kærður er forstjóri þess, út fisk fyrir isl. kr. 110764.00 að áætluðu söluverði.

Af þeirri upphæð skilaði félagið og ráðstafaði samkvæmt heimildum frá gjaldeyris- og innflytningarnefnd erlendum gjaldeyri fyrir isl. kr. 88400.00, en skil vanta fyrir erlendum gjaldeyri að upphæð isl. kr. 22364.00.

Kærður hefur játað, að hann stjórnir félaginu á eigin spýtur og beri einn ábyrgð á gjaldeyrisráðstöfunum þess. Hann gerir þá grein fyrir gjaldeyrishallanum, að kr. 13455.00 af andvirði hinna útfluttu vara hafi hann varið til ferðalaga sinna erlendis árið 1938 og annars nánar tiltekins kostnaðar utanlands, án þess að hafa til þeirra ráðstafana heimild gjaldeyris- og innflytningarnefndar. En kr. 8909.00 telur kærður tap frá tilfærðu verði vegna skemmda hinna útfluttu vara og annarra mistaka.

Kærður hefur undir rannsókn máls þessa lagt fram nokkur bréf frá umboðsmönnum sínum erlendis, en enda þótt þau virðist benda til þess, að illa hafi gengið með sölu á sumum fisksendingunum, telur rétturinn ekki næg gögn fyrir hendi til þess að taka til greina fullyrðingar kærðs um frammannefndar skemmdir á hinum útflutta fiski, þar sem telja verði, að útflytjandi íslenzkra afurða verði að sanna skemmdir og verðrýrnun á hinum útflutta vörum, ef hann vill bera slíkt fyrir sig um gjaldeyrisvil.

Þær fisksendingar, sem kærður telur hafa ónýtt, voru allar sendar óseldar út, en á útflutnings-yfirlýsingunum yfir þær tilfært

áætlað verð, en hins vegar undirritaði kærður yfirlýsingu um, að vörurnar væru óseldar, og skuldbatt sig jafnframt til þess að afhenda gjaldeyris- og innflutningsnefnd sölureikninga þegar er varan væri seld. Þetta gerði þó kærður ekki. Hann hefur haldið því fram, að oftast hafi hann gert munnlega upp þessa fiskverzlun við umboðsmenn sína á ferðum sínum erlendis og hafi hann því enga sölureikninga fengið. Þá hefur kærður játað, að hann hafi ekki fært bækur yfir sölu á þeim vörum, er hann sendi í umboðssölu erlendis árið 1938.

Kærður hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1927 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir rangan framburð fyrir rétti. Afgreitt til dómara.
- 1930 $2\frac{3}{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1931 $1\frac{3}{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almanna færi.
- 1931 $\frac{1}{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt.
- 1932 $2\frac{7}{8}$ 300 kr. sekt fyrir brot á 8. kap. hlutafélagalaganna.
- 1932 $\frac{9}{10}$ Kærður fyrir svik. Málið látið falla niður.
- 1933 $\frac{8}{11}$ Sátt, 200 kr. sekt fyrir ólöglegt áfengi í vörzlu.
- 1935 $1\frac{5}{11}$ Aðvörðun fyrir brot á slysatryggingalögunum.
- 1938 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir meint tékksvik. Féll niður.

Allt í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Með framangreindu athæfi sínu þykir kærður hafa gerzt brotlegur við lög um gjaldeyrisverzlun o. fl. nr. 73 frá 31. des. 1937 1. gr. og reglugerð nr. 50 frá 1938 6. gr. og 30. gr. 2. mgr., og þykir refsing hans hæfilega tiltekin kr. 3000.00 sekt til rikissjóðs, og komi 80 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá þykir og rétt að dæma kærðan til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Ingólfs Jónssonar cand. jur., sem ákveðast kr. 40.00.

Á máli þessu hefur enginn ólöglegur dráttur orðið.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Óskar Georg Halldórsson, greiði kr. 3000.00 í sekt til rikissjóðs, eða sæti 80 daga einföldu fangelsi, ef sektin ekki verður greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði hann og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Ingólfs Jónssonar cand. jur., kr. 40.00.

Dóminum ber að framfylgja með aðför að lögum.